

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Prinsinn
verður
fjárhirðir



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: M. Maillot; Lazarus

Aðlagað af: E. Frischbutter; Sarah S;
Alastair P.

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2021 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Dag einn sá
Móse Egypta
nokkurn berja
hebreskann
þræl.



Þó að Móse hafi
verið alinn upp
og menntaður
sem prins í höll
faraós,
þá samt
var hann

Hebrei.



Hann varð að hjálpa þrælum.
Móse leit snögglega í kringum sig til
að vera viss um að enginn sæi, svo
réðst hann á þrælapískarann.



Slagsmálin enduðu með dauða
Egyptans. Móse jarðaði
Egyptann í flýti.



Daginn eftir sá Móse tvo Hebreáa að slást. Hann reyndi að aðskilja þá.
"Kannski þú ætlir að drepa mig líka, eins og Egyptann?" sagði annar þeirra.



Móse varð hræddur. Nú vissu allir,
og faraó líka, hvað hafði skeð í gær.
Móse varð að flýja. Hann
flúði til Midíanlands.



Meðan Móse hvíldist við brunn
á leiðinni, komu sjö dætur prestsins
í Midían til að sækja vatn til að
brynna hjörð föður síns.



Aðrir smalar reyndu að ýta þeim frá,
en Móse gekk í veg fyrir þá til að
hjálpa stúlkunum.



"Þið eruð
komnar heim
snemma!" sagði
faðir þeirra,
Reuel.



Eftir að heyrja
hvað hafði
skeð, sagði
hann, "Farið þið
og náði í
manninn."



Móse settist
síðan að hjá
Reuel, sem var
líka kallaður
Jetro. Síðar
giftist Móse

elstu dóttur
Reuels.



Sögunni vÍkur nú
til Egyptalands.
Faraó var dáinn.

Hebrearnir,
fólk Guðs, var
ennþá í þrælkun.



Þjáningar þeirra
og stunur voru
heyranlegar.



Þau báðu fyrir
Guðs hjálp, og
Guð heyrði




bænir
þeirra.



Án vitundar Móse,
var það ætlun Guðs að
senda hann til að koma
hinum undirokuðu
Hebreum til hjálpar.




Fjörutíu ár voru liðin
síðan Móse fór frá
Egyptalandi. Hann
var fjárhirðir
Reuels.



Móse hlýtur að hafa
saknað fólks síns í
Egyptalandi.



Dag nokkurn sá Móse
logandi eld í pyrnirunna
skammt frá.



En þrátt fyrir eldinn,
brann runninn ekki.
Móse ákvað að skoða
runnann.



Þegar Móse nálgast, kallaði Guð til hans úr runnanum. "Móse!" "Hér er ég," sagði Móse. "komdu ekki of nálægt," sagði Guð.



“Farðu úr skónum, því að staðurinn
sem þú stendur á er heilög jörð.”




“Ég ætla að senda þig til faraós
til að losa fólk mitt úr ánauð
Egyptalands,”
sagði Guð.



En Móse var hræddur við að fara.



Þá gerði Guð kraftaverk, og
breytti staf Móse í
lifandi
snák.



Þegar Móse tók snákinna up á halanum
breyttist hann
aftur í staf.



Guð gerði annað kraftaverk.




"Settu hönd þína í barm þér," sagði Guð. Móse gerði það og höndin varð hvít af holdsveiki.



Þegar hann gerði það aftur, varð
höndin heilbrigð á ný.



Móse vildi ekki verða talsmaður Guðs. "Ég á ekki gott með að tala," sagði hann við Guð. Guð reiddist og sagði, "Ég ætla að láta Aron, bróður þinn, tala það sem þú segir honum."



Móse snéri nú aftur heim til Jetró, tók saman þjónkur sínar og hélt áleiðis til Egyptalands.



Guð leiddi Aron, bróður Móse, til að hitta hann við fjall eitt í eyðimörkinni.



Og saman báru þeir
fréttirnar til leiðtoga
Hebrea. Þegar Móse
sýndi trúarleiðtogum
Hebrea tákinn, vissu
þeir að Guð
mundi vera
með þeim.



Saman, lutu þeir höfði og
tilbáðu Drottin.



Móse og Aron fóru
óhræddir til faraó. "Guð
segir, 'Leyfðu þjóð
minni að
fara'."



“Ég leyfi Ísrael ekki að fara,” svaraði faraó. Hann hlýddi ekki Guði.



Guð yrði að beyta krafti
sínnum til að breyta hug
faraós.



Prinsinn verður fjárhirðir

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Önnur Mósebók 2-5

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

